

		kr.	aur.
	flyt	4140	13
13.	Styrkur til ferðakostnaðar handa settum hjeraðslækni Júlíusi Halldórssyni frá Reykjavík til Þingeyjarsýslu haustið 1874 fylgiskjal 48—49	50	"
14.	Kostnaður við sýslunefndarkosningar vorið 1874:	kr.	aur.
	a, í Þingeyjarsýslu, fylgiskjal 50—51	17	50
	b, í Eyjafjarðarsýslu, fylgiskjal 52	4	"
		21	50
15.	Borgað landshöfðingja fyrir embættisferð hans í gegnum norður- og austuramtið sumarið 1876, fylgiskjal 53—59 . . .	785	83
16.	Eptirstöðvar til næsta árs:		
	a, fyrirfram borgað úr sjóðnum eptir meðlagðri skýrslu, fylgiskjal 60	8489	24
	b, óborgað jafnaðarsjóðsgjald frá nokkrum sýslum við árslok 1876 samkvæmt meðlagðri skýrslu, fylgiskjal 61 . . .	2216	32
	c, í peningum	1280	41
		11,985	97
	Samtals	16,983	43

Akureyri, 15. dag febrúarmánaðar 1877.

Christiansson.

93 — *Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um launastyrk handa*
 24. maí *búfræðingi.* — Þóknanlegt brjef yðar, herra landshöfðingi, frá 6. marz þ. á., þar sem þjer farið þess á leit, að hið konunglega danska landbúnaðarfelag veiti eins og áður styrk nokkurn til launa handa Sveini Sveinssyni búfræðing árið það, er nú er að líða, var sent fjelagi þessu, og hefir það síðan skýrt svo frá, að það hafi veitt enn þetta ár 200 kr. í þessu skyni.

94 — *Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um búfræðislegar rann-*
 15. júní *sóknir.* — Eins og yður er kunnugt, herra landshöfðingi, gjörði Feilberg inspektor í fyrra búfræðislegar rannsóknir á Íslandi sunnanverðu, eptir ráðstöfun hins konunglega danska landbúnaðarfelags. Kostnaðurinn til þess nam alls 1000 kr., og hefir ráðgjafinn greitt helming þess. Landbúnaðarfelaginu þykir nú óskilegt, að rannsóknum þessum verði haldið áfram þetta ár á norðurlandi, og með því að ráðgjafinn hlýtur að vera á sama máli, hefir hann heitið fjelaginu að greiða helming af kostnaðinum til þess, en þó eigi fram úr 1000 kr.

Jafnframt og yður er skýrt frá þessu, herra landshöfðingi, eru þjer þjónustusamlega beðnir að gjöra svo vel að sjá um, að hlutaðeigandi yfirvöld veiti Feilberg inspektor þá liðsemd og leiðbeiningu, er hann við þarf í því, er hann á af hendi að leysa.

95 — *Brjef landshöfðingja til stiptsyfirvaldanna um styrk til dýramyndasafns.* — Að jeg hafi af fje því, er veitt er í 15. gr. fjárlaganna til vísindalegra og